



Leikskólar, grunnskólar og tónlistarskóli

# Skólustefna Garðabæjar

Metnaður • Virðing • Sköpun • Gleði



GARÐABÆR



# Formáli

Skólafestafnan myndar umgjörð um faglegt skólafarf í bænum og í henni koma fram helstu áherslur skólafarfs. Í Garðabæ eru starfandi þrettán leikskólar, átta grunnskólar og einn tónlistarskóli. Hverjum skóla er ætlað að marka sér sérstöðu með því að setja sér markmið og velja leiðir að markmiðum innan ramma aðalnámskrár og skólafestafnu.

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 3. október 2013 var samþykkt að endurskoða gildandi skólafestafnu leik-, grunn og tónlistarskóla. Skipaður var fimm manna stýrihópur sem í áttu sæti:

Páll Hilmarsson, formaður skólafestafndar grunnskóla og stýrihóps um endurskoðun skólafestafnu

Lúðvík Örn Steinarsson, formaður leikskólafestafndar

Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólafestafndar tónlistarskóla

Steinþór Einarsson, bæjarfulltrúi

Harpa Guðný Hafberg, fulltrúi skólafestafndar grunnskóla

Garðabær hefur kappkostað að reka góða skóla þar sem fram fer metnaðarfullt og framsækið skólafarf. Í þessari festafnu er megináhersla lögð á samfellu í námi barna og þjónustu við þau frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til átján ára aldri er náð.

Það kallar á óflugt samstarf fagfólks þvert á skólastig, samvinnu við nemendur og forráðamenn, sveigjanleg skólaskil og einstaklingsmiðað nám. Gott samstarf við íbúa og stofnanir bæjarins er lykill að farsælu skólasamfélagi.

Stýrihópurinn sendi út hugarflugskönnun til nemenda í leik- og grunnskólum í Garðabæ, foreldra þeirra og allra starfsmanna. Niðurstöður voru kynntar á opnu skólaþingi þann 10. febrúar 2014 og ræddar í umræðuhópum. Umræðuhópar skólaþingsins skiluðu af sér tíu atriðum sem, ásamt niðurstöðum hugarflugskönnunar, urðu grundvöllur þeirrar skólafestafnu sem hér er kynnt. Við viljum þakka þeim fjölmörgu aðilum sem komu að endurskoðun skólafestafnu Garðabæjar s.s. þátttakendum á skólaþingi, ungmennaráði og öðrum hagsmunaaðilum.

Skólafestafna Garðabæjar hefur sl. 12 ár verið hornsteinn þeirrar velgengni sem við höfum notið í skólastarfi. Það er von okkar að sú festafna sem hér lítur dagsins ljós verði vegvisir að áframhaldandi uppbyggingu árangursríks skólastarfs í Garðabæ.

Stýrihópur um endurskoðun skólafestafnu



Metnaður • Virðing • Sköpun • Gleði

# Skólasamfélagið í Garðabæ

BYGGIR Á EFTIRFARANDI ÁHERSLUATRÍÐUM

- þjónustu við börn frá því að fæðingarorlofi lýkur
- eftirfylgni með börnum og ungmennum fram að 18 ára aldri
- samfelldu námi barna og ungmenna
- einstaklingsmiðuðu námi og námshraða
- virku samstarfi heimila og skóla
- frjálssu vali um skóla
- sjálfstæði skóla til að marka sér sérstöðu
- fjölbættri ráðgjafa- og stoðþjónustu skóla
- samræmdu skóladagatali leikskóla og grunnskóla
- heilsársopnun leikskóla
- góðu námsumhverfi
- fjölbreyttum tækifærum nemenda til hreyfingar og útiveru
- lýðræðislegum starfsháttum skóla
- jákvæðum skólabrag
- góðu starfsumhverfi
- virkri símenntun starfsfólks



# Skólasamfélagið í Garðabæ skal stuðla að:

FJÖLBREYTTRI ÞJÓNUSTU VIÐ FJÖLSKYLDUR FRÁ ÞVÍ AÐ FÆÐINGAR-ORLOFI LÝKUR ÞAR TIL UNGMENNI Hafa náð 18 ára aldri.

- Tryggt verði gott framboð af dagforeldrum sem hafi aðgang að símenntun og stuðningi í formi aðstöðugreiðslna og þjónustusamnings.
- Ungbarnaleikskólar verði raunverulegt val fyrir foreldra og börn.
- Í boði sé leikskóladvöl fyrir öll börn frá 18 mánaða aldri.
- Leikskólar séu opnir allt árið.
- Skóladagatal leik- og grunnskóla sé samræmt.
- Tólmstundaheimili grunnskóla séu opin í páska-, jóla- og vetrarleyfum.
- Framboð á fjölbreyttu íþrótt- og félagsstarfi sem miðar að því að mæta þörfum fjölskyldna í Garðabæ, sé tryggt.
- Komið sé til móts við margbreytilegar þarfir nemenda með ólíkum áherslum í starfi grunnskóla.
- Árlega sé gerð könnun á námsvist og högum 16-18 ára ungmenna með það að markmiði að tryggja að ungmennum að átján ára aldri bjóðist nám eða starf við hæfi.



## SAMFELLU Í NÁMI BARNNA OG UNGMENNA SEM BYGGIR Á EINSTAKLINGSMÍÐUÐU NÁMI, ÁHUGAHVÖT OG NÁMSHRAÐA.

- Tryggð verði fjölbreytt viðfangsefni og kennsluhættir á hverju skólastigi.
- Komið verði til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðlað að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.
- Komið verði á fljótandi skólaskilum, sem byggja á reglulegu samráði kennara þvert á skólastig og gerð áætlun um flutning á milli skólastiga óháð aldri nemenda, í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska hvers barns.
- Nemendum í efstu bekkjum grunnskóla verði tryggð starfsráðgjöf og starfsfræðsla.

## FJÖLBÆTTRI STÖÐÞJÓNUSTU SEM STYÐUR STARFSFÓLK SKÓLA Í AÐ TRYGGJA MARGBREYTILEGUM HÓPI NEMENDA NÁM VIÐ HÆFI.

- Tryggt verði gott aðgengi að sérfræðingum og ráðgjöfum um nám, kennslu og uppeldi.
- Snemmtækri íhlutun verði beitt með það að markmiði að efla nemendur og auka lífsgæði þeirra.

## VIRKRI SAMVINNU HEIMILIS OG SKÓLA

- Í öllum skólum sé skipulagt foreldrasamstarf sem byggir á gagnkvæmri virðingu.
- Reglulegar samræður foreldra og kennara um nám barns séu hluti af eðlilegu skólastarfi sem og fræðslufundir fyrir foreldra um nám og uppeldi barna.





## FRJÁLSU VALI UM SKÓLA

- Nemendum og forráðamönnum þeirra sé frjálst að velja hvern þann skóla sem þeir telja að mæti þörfum þeirra.
- Sveitarfélagið tryggji jafnræði meðal barna og ungmenna hvað varðar ytri umgjörð og aðbúnað skóla.

## SJÁLFSTÆÐI SKÓLA OG FJÖLBREYTNÍ Í REKSTRI OG ÞJÓNUSTU

- Úrval sjálfstætt rekinna og bæjarrekinna leik- og grunnskóla sem og samreknir leik- og grunnskólar starfi í bænum. Skólarnir hafi svigrúm til að marka sér sérstöðu.

## FJÖLBREYTTUM TÆKIFÆRUM TIL HREYFINGAR OG ÚTIVERU

- Skólastarfið sé skipulagt með hliðsjón af þörf nemenda fyrir hreyfingu og útivist.
- Nemendur taki þátt í að móta sér heilbrigðan lífsstíl sem stuðlar að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan.

## JÁKVÆÐUM SKÓLABRAG

- Áhersla sé lögð á heilbrigða sjálfsmynd, jákvæða hugsun og farsæl samskipti meðal barna og ungmenna.
- Nemendur fái tækifæri til sjálfspekkingar svo þeir fái notið sín sem einstaklingar.

## LÝÐRÆDISLEGUM STARFSHÁTTUM

- Áhersla sé lögð á að efla lýðræðislegt samstarf, sjálfstæða og gagnrýna hugsun og viðurkenningu á félagslegum, menningarlegum og einstaklingsbundnum margbreytileika.
- Allir sem koma að skólastarfi eigi rétt á að hafa skoðun, láta hana í ljós og hafa þannig áhrif á mótun skólasamfélagsins.

## GÓÐU OG HVETJANDI STARFSUMHVERFI

- Kennarar og annað starfsfólk vinni náið saman og veiti hvert öðru gagnkvæma endurgjöf, hvatningu og stuðning.
- Virkri símenntun kennara og annars starfsfólks.



# Samstarf allra skóla í Garðabæ

Skólar í Garðabæ mynda samstæða heild og tryggja að samræmi og samhengi sé í menntun barna og ungmenna. Til að auka samfellu í námi barna og ungmenna og áherslu á einstaklingsbundið nám verður lögð sérstök áhersla á að kennsluhættir og starfsmenning í skólunum byggji á samstarfi og samvinnu.

Það verður gert með því að:

- auka samstarf þvert á skólastig sem byggir á grunnþáttum aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla
- efla sameiginlega símenntun og aðra fræðslu með námskeiðahaldi og ráðstefnum s.s. um þróun kennsluhátta, einstaklingsbundið nám og námsmat
- koma á fljótandi skilum á milli leik-, grunn- og framhaldsskólastigsins
- leggja áherslu á samstarf heimila og skóla og efla það með velferð nemenda í huga
- setja á heildstæða forvarnaáætlun sem nær til allra skólastiga
- allir leik- og grunnskólar setji sér læsisstefnu þar sem fram koma viðmið um lágmarkshæfni, aðferðir við mat og eftirfylgni
- hvetja til samstarfsverkefna við skóla innanlands sem erlendis þvert á skólastig
- koma á reglulegum samráðs- og samstarfsfundum skólastjórnenda sem og kennara allra skólastiga
- tryggja nemendum í efstu bekkjum grunnskólans starfsfræðslu og starfsráðgjöf
- styðja sérstaklega við nemendur af erlendum uppruna
- auka samstarf við þá sem standa að íþrótt- og æskulýðsstarfi
- viðhalda virkri samvinnu við foreldra á öllum skólastigum
- auka faglegt samstarf allra tólstundaheimila
- auka samstarf allra skólastiga við Tónlistarskóla Garðabæjar
- auka samstarf við félög, fyrirtæki og stofnanir í Garðabæ um nám barna og ungmenna

Til að koma slíku samstarfi á verða kennurum og öðru starfsfólki gert kleift að koma saman til fundar utan hefðbundins vinnutíma.





# Markmið og áherslur hvers skólastigs

## DAGFORELDRAR

Dagforeldrum verði sköpuð góð starfsskilyrði í Garðabæ og leitað nýrra leiða í starfsemi þeirra. Gerð verði krafa um símenntun og fagmennsku í starfi dagforeldra með góðum stuðningi og auknu samstarfi við skólasamfélagið í Garðabæ.

Það verður gert með:

- úttekjum á húsnæði dagforeldra við leyfisveitingu og aðstöðugreiðslum til að tryggja öryggi húsnæðis og lóðar
- greiðslum á grunnnámskeiði og símenntun dagforeldra, að lágmarki tveimur námskeiðum á ári
- þjónustusamningum um greiðslur Garðabæjar og foreldra
- aðgangi dagforeldra að leikfangasafni án endurgjalds
- reglulegu samstarfi, samráði og eftirliti

## UNGBARNALEIKSKÓLAR

Starfsemi ungbarnaleikskóla verði eflað með auknu framboði og fjölbreytni í starfsháttum. Leikskólar sem taka mið af þörfum yngstu barnanna verði raunverulegt val fyrir foreldra.

Það verður gert með:

- auknu framboði af ungbarnaleikskólum
- góðri aðstöðu úti og inni fyrir börn og starfsfólk
- áherslu á daglega hreyfingu og útiveru barna
- hollum matarvenjum og næringarríkum mat
- daglegri hvíld
- faglegri umhyggju
- þróunarstarfi um þarfir yngstu barnanna

## LEIKSKÓLAR

Leikskólar móti sér sérstöðu í skólanámskrá og þær leiðir sem skólinn hyggst fara í grunnþáttum menntunar. Starfsemi leikskóla verði eflað með því að laða að og halda leikskólakennurum í starfi. Áhersla verði lögð á vellíðan barna, einstaklingsmiðað nám og samfellu í námi barna.

Það verður gert með:

- leik og skapandi starfi sem kennsluáðferð
- góðri aðstöðu úti og inni fyrir börn og starfsfólk
- áherslu á gleði, vellíðan og félagsfærni barna
- heilbrigðum lífsstíl með reglulegri útiveru, hreyfingu og hollri næringu
- áherslu á styrkleika og hæfileika barna
- námi án aðgreiningar með áherslu á margbreytileika barna
- reglulegum samtölum foreldra og starfsfólks um nám barnanna
- virku samstarfi heimila og leikskóla
- samkomulagi um jákvæð og uppbyggileg samskipti innan hvers leikskóla
- mótun reglna um hvernig staðið skuli að fljótandi skilum milli leik- og grunnskóla

## GRUNNSKÓLAR

Hver skóli móti sér sérstöðu með skólanámskrá sem byggir á skóla-stefnu og aðalnámskrá grunnskóla. Áhersla sé lögð á einstaklingsmiðað nám, vellíðan, félagsfærni og virkni nemenda í lýðræðislegu skólaumhverfi.

Það verður gert með:

- áherslu á félagsfærni og samskiptahæfni í daglegu starfi
- fræðslu og forvörnum
- öflugum samstarfi heimila og skóla
- sýnilegum námsmarkmiðum
- einstaklingsmiðuðu námi sem tekur mið af áhugasviðum nemenda
- sveigjanlegum námstíma/skólaskilum
- stuttum starfstengdum námsbrautum fyrir ungmenni frá 14 ára aldri
- nýtingu upplýsingatækni á öllum námssviðum
- öflugri list-, verk- og raungreinakennslu
- áherslu á heilsueflandi lífsstíl, útiveru, hreyfingu og holla næringu
- lýðræðislegum starfsháttum sem efla gagnrýna hugsun meðal nemenda
- fjölbreyttu innra starfi tómsundaheimila



## TÓNLISTARSKÓLI

Tónlistarskóli Garðabæjar verði leiðandi aflu og virkur þátttakandi í menningarstarfi í Garðabæ. Lögð verði áhersla á góðan árangur, fjölbreytta og framsækna kennsluhætti og ánægju nemenda og starfsfólks. Tónlistarskólinn verði í virku samstarfi við skóla og stofnanir bæjarins.

Það verður gert með:

- fjölbreyttu námi sem tekur mið af áhuga nemenda
- kennslu yngri nemenda í húsnæði grunnskóla eftir því sem kostur er
- kynningum fyrir leik- og grunnskólabörn
- þátttöku í viðburðum í bænum
- stofnun foreldra- og velunnarafélags og virku samstarfi við foreldra
- öflugri símenntun og starfsþróun kennara





## SKÓLAPJÓNUSTA

Með skólajónustu er hér átt við hvers kyns stoð-, ráðgjafar- og sérfræðipjónustu sem skólar hafa aðgang að eða geta leitað til. Henni er ætlað að styðja við skólastarf, starfsmenn, börn og ungmenni og foreldra þeirra. Markmiðið er að hvert barn fái notið hæfileika sinna, áhuga og styrks í skólastarfi. Stutt er við kennara og þeim veitt ráðgjöf í kennslu margbreytilegs barnahóps. Þannig eru skólar efldir sem faglegar menntastofnanir sem eru færar um að leysa flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi.

Það verður gert með því að:

- þjónusta við börn og ungmenni sé veitt innan skólans sé þess nokkur kostur
- taka mið af heildaraðstæðum hvers nemenda
- setja markmið og meta nám barna og ungmenna í samstarfi við þau sjálf, foreldra þeirra og kennara
- líta til styrkeika hvers barns svo að það fái kennslu við hæfi
- huga að þörfum nemenda og námsumhverfi þeirra
- hafa gott aðgengi kennara og annars starfsfólks að ráðgjöfum um kennslu-, sál-, þroska- og félagsfræðileg málefni
- fræða kennara og annað starfsfólk um margbreytileika mannlífsins og kennslu fjölbreytts nemendahóps
- hafa tülkajónustu aðgengilega þegar við á
- leggja áherslu á samfelli í námi barna með góðri upplýsingagjöf milli skólastiga





# Mat og eftirfylgni

Stöðugt og markvisst er unnið að mati á námi barna og á skólastarfi allra skóla í Garðabæ. Árin 2014 – 2018 verður sérstök áhersla lögð á að skoða skólabrag, samfellu í námi barna og ungmenna og fljótandi skil milli skólastiga.

Það verður gert með því að:

- nýta niðurstöður úr Leikskólapúlsinum og Skólapúlsinum til úrbóta
- nýta niðurstöður könnunarprófa, skimana og rannsókna til úrbóta í kennslu og námi
- koma á rýnihópi kennara til að meta samfellu í námi barna og skila tillögum til úrbóta
- meta líðan barna og ungmenna
- meta þörf skóla fyrir ráðgjafar- og stoðþjónustu
- mynda starfshóp um hvernig standa eigi að fljótandi skilum milli skólastiga
- yfirfara matseðla leikskóla og grunnskóla með tilliti til innihalds, næringar og samsetningu fæðis
- meta framkvæmd samstarfs milli skólastiga
- framkvæma starfendarannsókn með hópi kennara á innleiðingu fræðslu- og forvarnaáætlunar í jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum
- meta starfshætti í skólum með tilliti til lýðræðis, jafnréttis og sjálfbærni





## Framkvæmd

Í skólastefnunni eru tíunduð yfirmarkmið skólastarfs í Garðabæ. Hlutverk hvers skóla og hluti af sjálfstæði hans er að móta aðgerðaráætlun á grunni skólastefnunnar og setja þar fram undirmarkmið og þær leiðir sem farnar verða að markmiðum stefnunnar. Árlegar starfsáætlanir skólanna byggja á þeirri aðgerðaráætlun. Áætlanirnar verða lagðar fyrir viðkomandi nefnd, foreldraráð og skólaráð og birtar á heimasíðum skólanna.





GARÐABÆR



1  
2  
3  
4  
5  
6  
7  
8  
9  
10  
11  
12  
13  
14  
15  
16  
17  
18  
19  
20